STJÓRNARTÍÐINDI B 45 — 1976

29. desember 1976. 861 Nr. 457.

REGLUR

um störf trúnaðarmanna og prófdómara við námsmat í grunnskóla skólaárið 1976—'77.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Trúnaðarmenn (eftirlitsmenn) og prófdómarar við námsmat í grunnskóla eru skipaðir samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 63/1974 og teljast starfsmenn menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Sami maður getur gegnt bæði störfum trúnaðarmanns og prófdómara ef unnt er að koma því við og það þykir henta.

3. gr.

Greiðslur til trúnaðarmanna og prófdómara fara eftir gjaldskrá, sem menntamálaráðuneytið setur.

II. Trúnaðarmenn.

4. gr.

Trúnaðarmaður skal vera á prófstað meðan samræmd próf fara fram. Honum ber að rjúfa innsigli þeirra í viðurvist skólastjóra eða staðgengils hans u. þ. b. hálfri klukkustund áður en próf hefst, kanna hvort um er að ræða sérstök fyrirmæli varðandi framkvæmd prófsins sem nauðsynlegt er að gera yfirsetumönnum grein fyrir, og ganga úr skugga um að öll prófgögn séu fyrir hendi. Reynist í einhverju áfátt um undirbúning eða framkvæmd prófsins skal trúnaðarmaður sjá um, að ráðin verði bót á því.

5. gr.

Trúnaðarmaður skal í samráði við skólastjóra ganga úr skugga um, að niðurröðun nemenda í stofur sé þannig háttað að nemendur geti ekki lesið milli borða, að yfirsetumenn séu hæfilega margir og sinni starfinu af árvekni.

6. gr.

Trúnaðarmaður skal sjá um að próf hefjist og því ljúki á tilsettum tíma. Ef um er að ræða próf sem eingöngu er dæmt af prófanefnd skal trúnaðarmaður sjá um að senda prófúrlausnir til nefndarinnar strax að prófi loknu.

B 108

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

7. gr.

Trúnaðarmaður skal í samráði við hlutaðeigandi skólastjóra úrskurða um sérstök tilvik sem upp kunna að koma varðandi prófið eða framkvæmd þess. Telji trúnaðarmaður og skólastjóri það nauðsynlegt skal haft samráð við menntamálaráðuneytið um lausn vandamálsins.

III. Prófdómarar.

8. gr.

Prófdómarar starfa aðeins við námsmat í 9. bekk í samræmi við ákvörðun ráðuneytisins þar um hverju sinni, sbr. 61. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

9. gr.

Prófdómari skal í samráði við hlutaðeigandi kennara sjá svo til að námsmat á vegum skólans fari fram í samræmi við ákvæði námskrár og fyrirmæli prófanefndar þar um. Þeir starfa fyrst og fremst við þau próf sem haldin eru í lok námsáfanga eða námsárs. Prófdómari skal samþykkja skrifleg prófverkefni áður en þau eru lögð fyrir. Sérstaklega skal þess gætt að prófkröfur séu í samræmi við námsmarkmið.

10. gr.

Prófdómari skal ásamt kennara gefa einkunnir í munnlegum prófum. Skriflegar úrlausnir skulu prófdómari og kennari meta hvor fyrir sig. Þeim er þó heimilt að meta úrlausnirnar í sameiningu ef það vinnuform þykir henta betur. Greini prófdómara og kennara á um einkunn og náist ekki samkomulag skal meðaltal einkunna gilda.

11. gr.

Prófdómari og hlutaðeigandi kennari eru ábyrgir fyrir því að einkunnir séu rétt færðar í spjaldskrá skólans.

12. gr.

Prófdómara er ekki heimilt að taka að sér meiri verkefni en svo, að hann geti með hægu móti annað verkefninu á þeim tíma sem er til umráða. Er þá miðað við, að prófdómari geti skilað alls um 13 vinnustundum á dag að jafnaði.

IV. Gildistaka.

13. gr.

Reglur þessar gilda fyrst um sinn þar til öðruvísi kann að verða ákveðið. Jafnframt falla úr gildi reglur um skipun og störf prófdómara við skóla gagnfræðastigsins, nr. 61/1975, svo og önnur ákvæði sem kunna að fara í bága við reglur þessar.

Menntamálaráðuneytið, 29. desember 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Hörður Lárusson.

Stjórnartíðindi B 45, nr. 457. Útgáfudagur 10. febrúar 1977.